

Líftórana eða tittlinginn! Kvenfrelsunarhetjan Lorena Bobbitt og kvenfrelsunargeðveikin

„Köld eru kvenna ráð,“ sagði Flosi, þegar Hildigunnur eggjaði hann til að hefna Höskuldar. „Þeim var ég verst, er ég unni mest,“ sagði Guðrún Ósvífursdóttir og lét flugumann sinn myrða Kjartan.

En Lorena Bobbitt sá um hefndir sínar sjálf. Hún vopnaðist búrhnífi og læddist að hvílu eiginmannsins, þar sem hann sængaði hjá annarri konu, og framdi á honum skaufaskurð. Fyðlinum fleygði hún í almenningsgarð. Fyrir dómi beitti Lorena alþekktri vörn, fórnarlambsvörninni, þ.e. að eiginmaðurinn hefði kúgað hana, sérstaklega þó í kynlífinu. Karlkvölinni tókst ekki að fullnægja eiginkonunni.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, að kviðdómurinn sýknaði Lorena af sök fyrir bragðið. Og Lorena varð kvenfrelsunarhetja. En sams konar hetjudáð hafa fleiri konur framið. Ein sú kúgaðasta var af kínversku bergi brotin. Þegar tekist hafði að sauma saman skorinn liminn á karli hennar, vopnaðist hún á ný og skar aftur undan honum, en nú í sjúkrarúmi.

Fyrirverandi kvenfrelsari, kanadíski prófessorinn, Janice Fiamengo, segir: „Hið þrjátíu ára gamla mál Lorena Bobbitt, sem sneiddi reðinn af eiginmanni sínum, varð eins konar sniðmát; lítið er gert úr ofbeldi kvenna, sem beinist að kynfærum karla. Það er réttlætt og því stundum fagnað, oft og tíðum með skírskotun til fórnarlambsstöðu kvenofbeldismannsins. Kátínan vegna ófara karlsins er augljós.“

Þeim lærdómi, sem breski ofurkvenfrelsarinn, Susanne Moore, dregur af málinu, er best lýst í fyrirsögn greinar hennar: „Líftórana eða tittlinginn“ (Your penis or your life.)

Eins og flestir vita, skal konum alltaf trúa, enda þótt það hafi vafist fyrir íslenskum dómstólum upp á síðkastið. Meira að segja framburður móður einnar hinna kynlöskuðu kvenna þótti í einu tilvikanna ótrúverðugur. Það er viðbúið, að dómar í þessa veru sefi uppdráttar- og drottunarsýki þess undirhóps kvenna, sem virðast gera út á ásakanir um kynofbeldi í anda „me-too“ sefasýkinnar.

Það virðist býsna algengt, að sauðdrukknar konur, sem eiga samræði við karla, beri því við, þegar víman rennur af þeim, að þær hafi ekki gefið samþykki fyrir samræðinu. Því hafi þeim verið nauðgað (eða hér um bil nauðgað eins og fraukskunnir í félagsskapnum, Öfgum). En það hefur ekki við rannsóknarök að styðjast. Ofurölvi kona getur sem hægst gefið samþykki, enda þótt hún minnst þess ekki, þegar af henni rennur.

Eins og allir vita hefur það verið gífurlegt kappsmál kvenfrelsara íslenskra – eftir að þeir endurfrelsuðu geirvörtur sínar um árið – að konur gæfu samþykki hátt og snjallt eða gerðu það á uppáferðarappi, sem Danir hafa fundið upp.

Samþykki er reyndar sjálfgefið, en stundum verður gröðum körlum á í messunni eins og þrjátíu sekúndna nauðgaranum í Ástralíu, sem var heldur seinn að kippa litla vininum út, þegar ástkonan dró samþykki sitt til baka í miðjum klíðum.

Janice sér ástæðu til ábendingar í þessu efni: „Kvenfrelsarar hafa um langa hríð – of langa – lagt að konum að hugsa nær einvörðungu um sjálfar sig, sýna sjálfsvorkunn og sjálfsást vegna auðsýndrar hetjulundar [í stríðinu við karla]. Þetta hefur leitt til óþolandi sjálfumgleði (narcissism), hvar sem borið er niður. Sérstaklega er hrokafull sannfæringin um siðlega yfirburði [óviðeigandi].“

Það hafa reyndar vaknað spurningar um andlega heilsu öfgafyllstu kvenfrelsaranna. Aðsóknarkennd þeirra blómstrar eins og hjá Ingibjörgu Dögg, ritstjóra Heimildarinnar (áður hjá Kjarnanum). Hún segir m.a.:

„Veruleiki kvenna er þessi. Kynbundið ofbeldi ógnar lífi þeirra og heilsu. ... Vondi karlinn á sér enga eina birtingarmynd, hann er alls staðar og hvergi og þú veist aldrei hvort eða hvenær þú mætir honum. Stundum þekkir þú hann bara af góðu einu þar til hann snýst gegn þér. Stundum laðar hann þig til sín og brýtur á þér.“ Þetta er eitt dæmi af mörgum, þar sem konur lýsa svipuðum bágingum.

Margumrædd Janice hefur, ásamt sállæknum, Tom Golden, átt samtál um efnið við norskan geðlækni, Hannah Spier. Viðtalið er býsna fróðlegt. Þar er m.a. fjallað um, hvernig hin allsráðandi kvenfrelsunarvitund í sambandi við móðurhlutverkið, hefur haft vond áhrif á konur. ([https://menaregood.substack.com/p/does-feminism-create-
psychopathology?utm_campaign=846515&utm_source=cross-post&r=ry8jq&utm_medium=email](https://menaregood.substack.com/p/does-feminism-create-psychopathology?utm_campaign=846515&utm_source=cross-post&r=ry8jq&utm_medium=email))

Í spjalli við Janice Fiamengo segir Hannah m.a. (í endursögn Janice): Konur, sem til hennar leituðu „sýndu ýmis konar sálsýkistilbrigði (psychopathology), sem mér virðast stafa af þeim gildum, sem kvenfrelsunin hefur leitt af sér.“ Samfélagið skapar þeim sjúkdóm og býður stundum lækningu, sem veldur því, að sóttin elnar.

T.d. leita andlega bágstaddar konur dæmigert til sálfræðinga eða ráðgjafa, sem eru frjálslýndir kvenfrelsarar. Þeir styrkja konurnar í þeirri trú, að þær séu fórnarlömb karla. Karlar eru eittraðir eins og kunnugt er, samkvæmt spekingum kvennaathvarfanna. Sú hugmyndafræði er studd af ríkisvaldinu.

Í umræddu samtali segir Janice: „ ... kvenfrelsunarhyggjan styðst ekki við hamingjusamar og ánægðar konur; þörf er vansælla, angistarfullra og reiðra kvenna, sem eru firrtar sjálfum sér og fjölskyldunni. Þær verða háðar ríkisvaldinu og missa getuna til að hafna kröfum þess.“

Og það er mikið af reiðum og vansælum konum, sem lifa við sífellda ógn og misrétti af hálfu karlanna. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af slíkum konum og skilja má af ástralska kynfræðingnum, Bettina Arndt, að urmull sé af þeim neðan undir í Ástralíu.

Hún gerir að umtalsefni síaukin umsvif og völd kvenna í samfélaginu, þ.e. á þeim sviðum, sem þeim hugnast og í þeim störfum, sem þær hafa áhuga á. Þar gilda sömu lögmál og á Íslandi og víðar. Kynferði skiptir meira máli en hæfni, þegar fólk er valið til áhrifastarfa.

„Sérhverju sinni, sem auglýst eru eftirsóknarverð störf í Ástralíu, má ganga út frá því vísu, að kona hneppi hnossið – jafnvel þó það feli í sér, að nýgræðingur sé valinn til starfans, sem býr yfir miklu minni reynslu en þeir sem áður hafa starfinu gengt.“ (Þetta blasir við augum á Íslandi einnig.)

Nú eru t.d. fimm af sex dómurum í hæstarétti Höfuðstaðsumdæmisins (Australian Capital Territory) konur og fimm af sex ríkisstjórum sömuleiðis. Það væri í sjálfu sér ekkert við það að athuga, ef „ganga mætti út frá því, að þessi nýuppkomna kynslóð „yfirhunda“ (topdogs) myndu einfaldlega sinna starfi sínu eins og til er ætlast, án þess að misnota embættin til að greiða götu kvenna á kostnað karla. En svo er ekki. Það er algengt að verða vitni að því, að valdakonur misbeiti stöðu sinni til að troða karlana undir fótum sínum eða festa upp á þráð.“ Svo mælti Bettina.

Það er enn fremur kunnuglegt stef, að konur séu almennt færari en karlar um flest það, sem þeim dettur í hug. Íslendingar kannast við stefin úr frelsissöngvum Rauðu sokkanna um friðsömu, skynsömu, ástríku og hagsýnu húsmæðurnar, sem nauðsyn bæri til að kjósa til forystu. Og kallinu var svo sannarlega svarað, bæði á Íslandi og í Ástralíu.

Bettina bendir á, að konur sækist eftir eftirlitsstörfum hjá hinu opinbera. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þær ráði að miklu leyti opinberri stjórnsýslu, uppeldis- og heilbrigðisgeiranum, til viðbótar heimilum landsmanna. Þar hafa þær ævinlega verið drottningar.

Kanadíski sálfræðingurinn, Jordan Peterson, veltir vöngum yfir þessari þróun og segir:

„Það er bara síðustu þrjá áratugin, að okkur hefur gefist tækifæri til að gaumgæfa, hvernig stórar kvendrottnunarstofnanir starfa – þær eru sögulega dæmalausar. Við höfum ekki glóru um, hvaða kostum eða sálsýki þessar stofnanir búa yfir.“

Bettina nefnir „Netritskoðunarstofnun Ástralíu“ (Australia’s Digital Platform Regulator) sem dæmi. Hún gæti verið hliðstæða Fjölmíðlanefndar á Íslandi. En eins og menn kynnu að muna, fól Katrín Jakobsdóttir þessari nefnd að hlutast til um „hatursorðræðu“ á netinu.

Forkvinna þessa þarfapings er Julie Inman Grant. Hún hefur helst unnið sér til frægðar að gera lítið úr þeirri hættu, sem að drengjum stafar af misyndisfólki í netheimum. Hún lætur sig heldur ekki muna um að segja Elon Musk til syndanna og hótar að sekta hann um háar fjárhæðir, fjarlægi hann ekki efni, sem frúnni þykir óviðeigandi. Júlía er orðin ástsæl meðal þjóðar sinnar, sem syngur kvenfrelsunargyðjunni til heiðurs: <https://www.bitchute.com/video/6UnpPUEkn7bJ/>

Júlíu líður svipað og Ingibjörgu Dögg: Hún er nefnilega sannfærð um að hlúa þurfi sérstaklega að konum með tilliti til netöryggis (eins og reyndar á flestum sviðum öðrum) vegna „kynfólkskulegra og kynbundinna köpuryrða, sem á okkur dynja,“ segir hún.

Vei þeim konum – kvenfrelsurum og hinum – sem syngja ekki í kvenfrelsunarkórnum. Eins og menn muna (hán, karlar og konur) sungu íslenskar konur hástöfum lagið um kúgun kvenna í verkfalli nýlega – og á gullaldaríslensku: „Fokkum feðraveldinu.“

Erkikvenfrelsarinn, Naomi Rebekah Wolf, hefur t.d. fengið ófagra útreið. Hún söng einn falskan tón, þ.e. hvatti kvenfrelsarana, sem upp til hópa aðhyllast eymdarhyggju (wokeism) og kjósa Lýðræðisflokk (Demókrata) hins aldna höfðingja, Jósefs Biden, að leita á önnur mið. Naomi dirfðist sem sé að mæla með því, að kvenfrelsunarhreyfingin söðlaði um í miðju vaði vegna bólusetningaglæpa Jósefs. Vei, henni!

Aumingja Naomi, sem er reyndar í þeim undirhópi kvenfrelsara, sem stundum er unnt að rökræða við, hefur heldur betur hlotið slæma útreið. Liza Featherstone skrifaði fyrir fáeinum dögum grein um baráttusysturina með titlinum: „Brjálsemi Naomi Wolf“ (The Madness of Naomi Wolf).

Ætli hér sé kastað steinum úr glerhúsi? Heftin er svo mikil, að kvenfrelsunarsystemar varpa nú loksins hulunni af frjálslegri meðferð sannleikans í bók Naomi,

„Fegurðargoðsögninni“ (The Beauty Myth). Liza er í senn kvenleg og óvægin: Naomi „hefur ævinlega átt í baráttu við sannleikann.“ Svona er slitinn sundur friðurinn á kærleiksheimili kvenfrelsaranna. Og það stafar eðlilega af kúgun karla í bráð og lengd eins og lesendur geta ímyndað sér.

[Naomi Wolf Was a Feminist Icon. Now She's an Anti-Vaxxer Banned by Twitter | The New Republic](#)

[Naomi Wolf's Slide From Feminist Icon to the 'Conspiracist Whirlpool' - Business Insider](#)

[Does Naomi Wolf's The Beauty Myth hold up? What I think of it now that she's an anti-masker. \(slate.com\)](#)

https://bettinaarndt.substack.com/p/women-on-top?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=146003562&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://news.google.com/newspapers?nid=1309&dat=19940116&id=WuBOAAAIBA1&sjid=OBMEAAAIBA1&pg=3218,2274068>

<https://www.vice.com/en/article/av4p5a/a-brief-history-of-getting-your-dick-chopped-off-303>

https://fiamengofile.substack.com/p/feminism-and-female-psychopathology?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=145509472&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://fiamengofile.substack.com/p/voting-like-women-will-not-save-us?r=iqrdm&utm_campaign=post&utm_medium=web&triedRedirect=true

<https://archive.md/dxenr#selection-1015.80-1015.113>

https://fiamengofile.substack.com/p/lorena-bobbitt-and-other-heroines?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=145728713&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://www.theguardian.com/world/1994/jan/21/gender.uk>

https://bettinaarndt.substack.com/p/drunken-sex-and-consent?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=145592643&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email